



Til siðanefndar skv. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn

Reykjavík, 2. apríl 2019

Efni: Ósk um álit siðanefndar á ummælum um endurgreiðslur á aksturskostnaði.

1.

Forsætisnefnd hefur haft til meðferðar erindi Ásmundar Friðrikssonar, alþingismanns, dags. 10. janúar sl. Í bréfinu er þess óskað að nefndin taki til skoðunar hvort þingmennirnir Björn Leví Gunnarsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir hafi með tilgreindum ummælum sínum á opinberum vettvangi um endurgreiðslur þingsins á aksturskostnaði Ásmundar brotið í bága við a- og c-lið 5. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Jafnframt var þess farið á leit að erindinu yrði vísað til siðanefndar skv. 16. gr. siðareglnanna.

Með bréfi til forsætisnefndar 18. febrúar sl. hvöllu Björn Leví Gunnarsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir nefndina til að vísa erindi Ásmundar til siðanefndar skv. 16. gr. siðareglna. Með bréfi forseta sama dag var þingmönnunum gefinn kostur á að koma á framfæri upplýsingum og sjónarmiðum um málið og barst greinargerð þeirra ásamt fylgiskjölum 25. febrúar sl. Ásmundi var gefinn kostur á að tjá sig um skýringar Björns Leví og Þórhildar Sunnu og bárust athugasemdir hans forsætisnefnd 14. mars sl.

Með vísan til 1. mgr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn (málsmeðferðarreglur) var háttsemin sem þingmennirnir eru sakaðir um afmörkuð í bréfi forseta Alþingis til Björns Leví og Þórhildar Sunnu, dags. 25. mars 2019, og því lýst með hvaða hætti hún geti talist fela í sér brot á meginreglum um háttarni og háttarnisskyldur alþingismanna. Jafnframt var þingmönnunum gefinn kostur á að gera athugasemdir við grundvöll málsins. Sjónarmið Björns Leví og Þórhildar Sunnu við afmörkun málsins bárust 29. mars sl.

2.

Forsætisnefnd lítur svo á að ekki sé ágreiningur um annars vegar ummæli Þórhildar Sunnu í umræðuþættinum Silfrinu 25. febrúar 2018 og sama dag á Facebook síðu hennar og hins vegar ummæli Björns Leví á Facebook síðu hans 29. október og 9., 12. og 26. nóvember sl. Þykir því mega leggja til grundvallar þessar staðreyndir í málín.



Að mati forsætisnefndar kemur til álita hvort ummæli þingmannanna geti varðað við a- og c-lið 5. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn:

5. gr.

Alþingismenn skulu sem þjóðkjörnir fulltrúar:

a. rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika,

...

c. ekki kasta rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni,

...

7. gr.

Þingmenn skulu í öllu hátterni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu.

Við afmörkun á grundvelli málsins taldi forsætisnefnd enn fremur að líta yrði til þess að siðareglur fyrir alþingismenn fela í sér viðmið um hátterni þingmanna sem þjóðkjörinna fulltrúa. Er tilgangur þeirra m.a. að efla ábyrgðarskyldu alþingismanna, svo og tiltrú og traust almennings á Alþingi, sbr. 1. gr. siðareglannana. Er siðareglunum ætlað að standa vörð um þessi siðferðilegu verðmæti og hvetja þingmenn til góðra verka. Á þessum grundvelli er í siðareglunum settar fram meginreglur um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að þingmenn njóti ríkrar verndar til þátttöku í opinni og frjálsri stjórnmálaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi. Siðareglur fyrir alþingismenn geta aftur á móti sett tjáningu alþingismanna skorður þegar kemur að því að meta hvernig tjáningu er komið á framfæri og við hvaða aðstæður það er gert. Í þessu samhengi er einnig rétt að taka fram að siðareglurnar og málsmeðferðarreglur gera ekki ráð fyrir því að forsætisnefnd fjalli um eða skeri úr um sannleiksgildi þeirra ummæla sem eftir eru höfð.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er það til skoðunar af hálfu forsætisnefndar hvort þau ummæli sem vísað er til í erindi Ásmundar geti talist brot á ákvæðum a- og c- liðar 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

3.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 1. mgr. 4. gr. málsmeðferðarreglna og í samræmi við kröfur allra málsaðila, er þess farið á leit að siðanefndin láti forsætisnefnd í té ráðgefandi álit á því hvort þingmennirnir Björn Leví og Þórhildur Sunna hafi með ummælum sínum brotið gegn hátternisskyldum sínum og meginreglum um hátterni.

Er þess óskað að forsætisnefnd berist álit siðanefndar svo skjótt sem verða má og eigi síðar en 23. apríl 2019. Með bréfi þessu fylgja öll gögn málsins.



Skrifstofa Alþingis er siðanefndinni að öðru leyti til aðstoðar við málid eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Ljósrit: Ásmundur Friðriksson, Björn Leví Gunnarssonar, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Ásmundar Friðrikssonar til forsætisnefndar, dags. 10. janúar 2019.
2. Bréf Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur til forsætisnefndar, dags. 18. febrúar 2019.
3. Bréf forseta Alþingis til Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, dags. 18. febrúar 2019.
4. Greinargerð Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur ásamt fylgiskjólum til forsætisnefndar Alþingis, dags. 25. febrúar 2019.
5. Bréf forstöðumanns lagaskrifstofu til Ásmundar Friðrikssonar, dags. 6. mars 2019.
6. Bréf Ásmundar Friðrikssonar til forsætisnefndar Alþingis, dags. 14. mars 2019.
7. Bréf forseta Alþingis til Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, dags. 25. mars 2019.
8. Bréf Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur til forsætisnefndar, dags. 29. mars 2019.
9. Fundargerðir forsætisnefndar Alþingis 21. janúar 2019, 29. janúar 2019, 18. febrúar 2019, 26. febrúar 2019, 4. mars 2019, 18. mars 2019 og 25. mars 2019.